

Gljúfrasteinn - Hús skáldsins

02 913

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Gjúfrasteinn - Hús skáldsins
kt. 650804-3760
Pósthólf 250, 270 Mosfellsbær

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Gljúfrasteinn - Hús skáldsins er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli reglna nr. 361/2012.

Hlutverk stofnunarinnar er að vera heimili Halldórs Laxness, lífandi safn sem að stendur vörð um lífsstarf hans.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 48,3 milljónir og afkoma kr. -0,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 0,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 36,7 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Gljúfrasteins - Hús skáldsins í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Gljúfrasteins - Hús skáldsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Gljúfrasteini 28. ágúst 2019

Staður, dags.

Antuní Þora Þórsdóttir

Forstöðumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	3	42.700.000	41.181.070
Seld þjónusta	4	3.873.380	2.876.350
Vörusala	5	971.609	1.279.768
Framlög og ýmsar tekjur	6	0	2.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	708.720	763.277
Tekjur samtals		<u>48.253.709</u>	<u>48.500.465</u>
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	7	32.646.125	32.854.706
Annar rekstrarkostnaður	8	15.495.561	20.991.832
Afskriftir	9	708.720	763.277
Gjöld samtals		<u>48.850.406</u>	<u>54.609.815</u>
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		(596.697)	(6.109.350)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	10	(30.514)	(37.410)
		<u>(30.514)</u>	<u>(37.410)</u>
Afkoma ársins		<u><u>(627.211)</u></u>	<u><u>(6.146.760)</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Áhöld, tæki og búnaður		754.342	1.041.729
Aðrar eignir		31.962.999	32.167.208
		<u>32.717.341</u>	<u>33.208.937</u>
Fastafjármunir samtals		<u>32.717.341</u>	<u>33.208.937</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	12	3.639.370	4.163.545
Viðskiptakröfur		70.221	43.560
Tengdir aðilar	13	202.837	1.689.273
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	14	2.750	0
Handbært fé	15	20.044	24.651
Veltufjármunir samtals		<u>3.935.222</u>	<u>5.921.029</u>
Eignir samtals		<u>36.652.563</u>	<u>39.129.966</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	16		
Hrein eign		683.407	1.310.618
Eigið fé samtals		<u>683.407</u>	<u>1.310.618</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	13	820.843	22.428
Viðskiptaskuldir		417.763	2.012.822
Ýmsar skammtímaskuldir	17	1.730.333	2.575.161
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	18	33.000.217	33.208.937
		<u>35.969.156</u>	<u>37.819.348</u>
Skuldir samtals		<u>35.969.156</u>	<u>37.819.348</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>36.652.563</u>	<u>39.129.966</u>
Aðrar upplýsingar	19		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(627.211)	(6.146.760)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	708.720	763.277
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(708.720)	(763.277)
		<u>(627.211)</u>	<u>(6.146.760)</u>
Breyting rekstartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(29.411)	18.540
Birgðir		524.175	(724.510)
Skammtímaskuldir		(2.439.887)	3.377.788
		<u>(1.945.123)</u>	<u>2.671.818</u>
		<u>(2.572.334)</u>	<u>(3.474.942)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	(217.124)	(418.930)
		<u>(217.124)</u>	<u>(418.930)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		2.284.851	3.475.276
Fjárfestingarframlag		500.000	418.930
		<u>2.784.851</u>	<u>3.894.206</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(4.607)	334
		<u>24.651</u>	<u>24.317</u>
		<u>20.044</u>	<u>24.651</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókom stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

	2018	2017
3 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	43.200.000	41.600.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	(500.000)	(418.930)
Tekjufærsla fjárveitinga	42.700.000	41.181.070
Tekjufærsla frestaðra tekna	708.720	763.277
	43.408.720	41.944.347

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	43.200.000	0	0	43.200.000
Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting	(500.000)	0	0	(500.000)
Fjárveiting til tekna	42.700.000	0	0	42.700.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(43.327.211)	0	0	(43.327.211)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(627.211)	0	0	(627.211)

	2018	2017
4 Seld þjónusta		
Ýmsar þjónustutekjur	3.873.380	2.876.350
	3.873.380	2.876.350

5 Vörusala		
Vörusala I	344.660	634.036
Vörusala II	626.949	645.732
	971.609	1.279.768

6 Framlög og ýmsar tekjur		
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	0	2.400.000
	0	2.400.000

7 Laun og launatengd gjöld		
Laun	26.974.984	24.958.892
Orlof, breyting	(496.360)	2.082.432
Launatengd gjöld	6.133.101	5.766.882
Starfsmannakostnaður	34.400	46.500
	32.646.125	32.854.706

Meðalfjöldi stöðugilda	4,0	4,0
------------------------------	-----	-----

Skýringar

	2018	2017
8 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	122.746	119.511
Byggingarvörur, aðrar	12.785	35.190
Ýmis tæki og áhöld	6.026	30.041
Orkugjafar	252.300	249.376
Matvæli	562.977	471.284
Almennar rekstrarvörur	203.874	364.467
Vörukaup, almenn	1.160.708	1.269.869
Kennslu- og föndurvörur	7.000	0
Ýmsar sérgreindar vörur	0	13.816
Vörukaup, sérgreind	7.000	13.816
Fundir, námskeið, risna	182.057	317.084
Ferðir, uppihald	33.300	10.000
Akstur	899.800	920.475
Sérfræðiþjónusta	3.855.368	6.324.003
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	152.599	97.524
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	2.320.676	3.403.244
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	906.974	869.890
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	8.350.774	11.942.220
Samningsbundin kaup og leiga	82.679	30.415
Afnotagjöld	1.851.433	1.979.690
Leigugjöld	1.934.068	2.325.050
Notkun véla og flutningatækja	62.700	792.905
Verkkaup	1.199.294	2.838.685
Tryggingar, lögboðnar	81.044	58.247
Opinber gjöld	41.509	9.344
Tilfærslur	6.200	67.400
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	5.258.927	8.101.736
Vörukaup I	193.977	388.701
Birgðabreytingar, fullunnar vörur	524.175	(724.510)
Vörur til endursölu og birgðabreyting	718.152	(335.809)
Annar rekstrarkostnaður samtals	15.495.561	20.991.832
9 Afskriftir		
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h.	504.511	557.134
Aðrar eignir	204.209	206.143
	708.720	763.277
10 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		
Fjármagnskostnaður	30.514	37.410
	30.514	37.410

Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017		
11 Varanlegir rekstrarfjármunir				
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:				
Áhöld, tæki og búnaður	754.342	1.041.729		
Aðrar eignir	31.962.999	32.167.208		
	32.717.341	33.208.937		
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:				
	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2018	2.860.360	0	33.341.240	36.201.600
Viðbætur á árinu	217.124	0	0	217.124
	3.077.484	0	33.341.240	36.418.724
Afskriftir 1.1.2018	1.818.631	0	1.174.032	2.992.663
Afskrift ársins	504.511	0	204.209	708.720
	2.323.142	0	1.378.241	3.701.383
Staða 31.12.2018	754.342	0	31.962.999	32.717.341
			31.12.2018	31.12.2017
12 Birgðir				
Vörubirgðir I (sbr. teg. 563, vörukaup I)			3.639.370	4.163.545
			3.639.370	4.163.545
13 Tengdir aðilar				
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.				
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>				
Viðskiptareikningur við ríkissjóð			0	1.528.362
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs			58.576	16.650
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga			144.261	144.261
			202.837	1.689.273
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>				
Viðskiptareikningur við ríkissjóð			773.076	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs			47.767	22.428
			820.843	22.428
14 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður				
Fyrirframgreiddur kostnaður			2.750	0
			2.750	0
15 Handbært fé				
Sjóðir			20.000	24.295
Tékkareikningar			44	356
			20.044	24.651

Skýringar

	31.12.2018	31.12.2017
16 Eigið fé		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	1.310.618	7.313.117
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar	0	144.261
Afkoma ársins	(627.211)	(6.146.760)
Jöfnuður 31.12.	683.407	1.310.618

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 0,1 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirætlum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

	31.12.2018	31.12.2017
17 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	1.730.333	0
Ógreidd laun	0	2.226.693
Önnur ógreidd gjöld	0	310.681
Skattar	0	37.787
	1.730.333	2.575.161

18 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

	31.12.2018	31.12.2017
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	32.717.341	33.208.937
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	282.876	0
	33.000.217	33.208.937

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018	33.208.937	0	33.208.937
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga		500.000	500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	217.124	(217.124)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(708.720)	0	(708.720)
	32.717.341	282.876	33.000.217

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 0,9 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

Skýringar

19 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samning við Ríkiseignir um húsnæði. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 6,6 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.